

Reykjavík, 21. júlí 2022
Sendandi: Linda Karen Gunnarsdóttir

Umsögn um breytingu á reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar

Það er rétt að fagna þessari breytingu á reglugerð 163/173 um hvalveiðar því hún er skref í rétta átt.

Það verður að taka fram að það samræmist ekki siðaðri þjóð að aflífa dýr með ómannúðlegum hætti eins og algengt er að gerist við veiðar á hvöllum, en norsk rannsókn¹ hefur sýnt að um 20% hvala hái dauðastríð sem vari í um 6-25 mínútur eftir að þeir hafa verið skotnir með sprengiskutli. Þegar eru komin fram tvö dæmi nú í sumar þar sem tvær langreyðar voru skotnar tvisvar með sprengiskutli því skot geigaði, sem þýðir að aflifun var ekki í samræmi við 21 gr. laga 55/2013 um velferð dýra. Um er að ræða óásættanlega og grimma meðferð á dýrum.

Leyfi til hvalveiða á ekki að endurnýja eftir árið 2023 þar sem hvalveiðar eru í andstöðu dýravelferðarsjónarmið og ætti að draga leyfið til baka strax á þessu ári.

1. gr.

Ég fagna þessu ákvæði. Með myndbandsupptökum verður Matvælastofnun gert kleift að hafa eftirlit með aflifun á hverjum hval sem stofnuninni hefur ekki verið kleift áður og mikilvægt að þessu ákvæði verði bætt við reglugerðina. Þar sem hvalveiðar eru umdeildar og sýnt hefur verið fram á að þær séu ómannúðlegar er eðlilegt að strangt eftirlit sé með veiðunum.

Nauðsynlegt er ítarlega sé lýst í reglugerðinni hvernig myndsupptöku skuli háttað, þ.e. frá því að hvalur sést, er aflífaður og dreginn á land, án þess að hlé sé gert á upptöku og að upptaka sé skýr. Mikilvægt er að bætt verði við þennan lið að haldið sé námskeið um myndbandsupptökur á vegum Matvælastofnunar fyrir dýravelferðarfulltrúa skipanna, svo tryggt sé að upptökur verði með þeim hætti að þær nýtist stofnuninni við eftirlit með veiðunum.

2. gr.

Ég fagna þessu ákvæði. Það er nauðsynlegt að hvalir hljóti sömu vernd og önnur spendýr hér á landi og gerð sú krafa að hvalir þjáist ekki við aflifun.

Virðingarfyllst,
Linda Karen Gunnarsdóttir

Heimildir

1. http://www.fiskistofa.is/media/utgefing_fni/Oen2015_finwhale_TTDreport_final.pdf?fbclid=IwAR3mqNx2QVAoqAI_b_w-ae2a6st8mHLzazd_YsBw8RAAYCph1HE94-pF_P4